



**Markaðsstofa Suðurlands**

## Fundargerð

6. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 8:30 mánudaginn 8. febrúar 2017 í Fjölheimum á Selfossi.

Fundinn sátu:

*Dagný Hulda Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands*

*Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf*

*Þórður Freyr Sigurðsson, fulltrúi SASS*

*Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi SASS*

*Sigurður Rafn Hilmarsson, Fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands*

*Magnús Bragason, Fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands (í síma)*

*Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu (í síma)*

*Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

### Dagskrá:

- Tillaga um breytingar á samþykktum
- Rekstraráætlun 2017
- Verkefni sl. mánaðar
- Verkefnin framundan
- Önnur mál

### [Tillaga um breytingar á samþykktum](#)

Á stjórnarfundum í desember var ákveðið að fá þau Ásu Valdísi og Þórð Frey til að koma með tillögum að nýju fyrirkomulagi við útnefningu stjórnarmanna MSS. Lögðu þau fram sitt hvora tillöguna og urðu talsverðar umræður um þær.

Samþykkt var í stjórn að kosið verði á næsta aðalfundi um tvo fulltrúa sem Ferðamálasamtök Suðurlands höfðu áður tilnefnt. Ferðamálasamtökin hafa verið óvirk í þó nokkurn tíma. Unnið verður að breytingum á samþykktum MSS fyrir aðalfund svo þetta megi verða. Framkvæmdastjóra er falið það hlutverk að kalla eftir framboðum og/eða tilnefningum um nýja stjórnarmeðlimi úr röðum aðildarfélaganna.

Einnig leggur stjórn til, að Ásu Valdísi Árnadóttur formanni undanskilinni, að lögð verði fyrir aðalfund tillaga um að fara í samtali við hin tvö félögin og vinna að því að stjórn verði kosin skv. þrískiptingu svæðisins. Þórður tekur að sér að móta þá tillögu.

Stjórn leggur það til að greiddur verði ferðakostnaður á stjórnarfundum þannig að allir sitji við sama borð varðandi kostnað. Tillagan verður borin undir nýja stjórn á fyrsta fundi að aðalfundi loknum.

## Rekstraráætlun 2017

Enn á eftir að ganga frá nokkrum atriðum þannig að klára megi rekstraráætlun fyrir árið 2017.

- Stærri samningur vegna aukinna verkefna við SASS er í skoðun. Núverandi samningur er upp á 3 milljónir.
- Fjármagn tengt verkefnum á vegum Ferðamálastofu, í kjarnaveitu og DMP, er samtals 10 milljónir. Ekki er komið endanlegt svar frá Stjórnstöð ferðamála um hversu mikið fjármagn kemur vegna DMP þaðan.
- Sama fjármagn frá sveitarfélögum fyrir árið 2017.
- Tækifæri í að fá inn fleiri aðildarfyrirtæki.
- Aukin þörf fyrir starfsmenn, mörg af þeim verkefnum sem framundan eru krefjast fleiri handa.
- Áherslur í markaðsstarfi út frá niðurstöðum markaðsgreiningar.
- Vinnustofur 2017 í samstarfi við Íslandsstofu – Kanada og Mið- og Suður-Evrópa í fókus.

Stjórn leggur til að minnka kostnað við bækling og auka við heimasíðuna og rafræna kynningu.

## Verkefni sl. mán

**Mannamót** var haldið 19. janúar í flugskýli flugfélagsins Ernir. Heppnaðist mjög vel og góð stemmning í húsinu. Metfjöldi gesta heimsótti sýninguna eða um 600 manns og einnig var metfjöldi sýnenda en þeir voru 205 talsins. Mannamót er viðburður sem er kominn til að vera og mjög mikilvægur vettvangur fyrir MAS. Erlendir ferðasalar eru farnir að sýna viðburðinum áhuga.

**Mid Atlantic** var haldið 26.-28. janúar. MSS var með fjórfaldan bás líkt og á VestNorden. Fulltrúar svæða/sveitarfélaga ásamt starfsfólki MSS mönnuðu básinn. Dagurinn gekk vel og var fjöldi funda á milli 40 og 50. Mikill áhugi reyndist á FAM ferðum sem við kynntum en í þeim verður lögð áhersla á tvo markhópa, ævintýragjarna ferðamenn og fjölskyldufólk. Horft verður til svæðanna þriggja við áframhaldandi plön.

**DMP vinna** – Auk ýmissar innri vinnu og vangaveltna þá var svæðisráð myndað.

Þessir voru tilnefndir:

- Ásborg Arnþórsdóttir – Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu (svæði 1)
- Árný Lára Karvelsdóttir - Markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárpings eystra (svæði 2)
- Árdís Erna Halldórsdóttir - Atvinnu- og ferðamálafulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar (svæði 3)
- Ása Valdís Árnadóttir – Visit South Iceland ehf, Hótel Rangá, stjórnarmaður MSS
- Gunnar Þorgeirsson – Stjórnarformaður SASS, stjórnarmaður MSS
- Þórður Freyr Sigurðsson – Starfsmaður SASS, stjórnarmaður MSS
- Magnús Bragason – Ferðamálasamtök Suðurlands, Hótel Vestmannaeyjar, stjórnarmaður MSS
- Sigurður Rafn Hilmarsson – Ferðamálasamtök Suðurlands, Fontana, stjórnarmaður MSS
- Sigurlaug Gissurardóttir – Ferðamálafélag A-Skaftafellssýslu, Hótel Brunnhóll, stjórnarmaður MSS
- Dagný H. Jóhannsdóttir – Framkvæmdastjóri MSS

**SASS samstarf** – áframhaldandi vinna var í föstum verkefnum og ráðgjafahóp og einnig í einstaka teymum og verkefnum. Haldinn var fundur ráðgjafa í Nýsköpunarmiðstöð Íslands og fengu ráðgjafar kynningu á starfsemi miðstöðvarinnar. Þá var fyrirlestur um teymisvinnu frá Capacent.

- Þorsteinn vann áfram í verkefninu um **tekjuskiptingu sveitarfélaga**.
- Verkefni um **samræmingu korta** á Suðurlandi er komið á fullt. Ragnhildur sér um það sem og okkar hluta.
- Gagnaöflun og spurningakönnun er í gangi í verkefninu um **Sunnlenskar vörur**. Þorsteinn vinnur að þessu.

Fundur var haldinn í janúar með **samstarfshópi um ferðamál** um Mid Atlantic, stöðu DMP og tilnefningar í svæðisráð, samræmingu korta og fleiri mál.

Í **MAS samstarfinu** er annar hver fundur opinn en þá geta samstarfsaðilar og aðrir óskað eftir að hitta hópinn og komið inn á fundina. Á síðasta fund komu: Hæfnissetur ferðaþjónustunnar, Íslandsstofa, Ferðamálastofa, Stjórnstöð ferðamála og aðilar sem koma að málum vegna WC/skipulagsmála á ferðamannastöðum. Þá voru ræddir sameiginlegir viðburðir (Mannamót og haustráðstefna), önnur sameiginleg verkefni sem og samstarfið sjálft.

**Kjarnaveitur** – MSS í vinnuhóp um Öryggismál. Fundur með samstarfsaðilum, Höfuðborgarstofu og SafeTravel. Fundaröð ákveðin fram á sumar sem og skipting verkefna/verkefnaáætlun.

**Árshátíð MSS** – fyrirkomulag það sama og á síðasta ári, málþing, örferð og kvöldskemmtun. Tillaga um að hafa aðalfund á sama tíma og var það samþykkt af stjórn. Búið að staðfesta 31. mars á Fosshótel Heklu. Verið að vinna að dagskrá fyrir daginn.

**Ábyrg ferðaþjónusta** – MAS/MSS í samstarfi og voru þau með bás á Mannamótum. Höfum aðgang að efni og fleiru sem í gangi er í verkefninu. Við aðstoðum við kynningu á viðburðum og fleiru.

**Kynningarfundur á markaðsgreiningunni** ásamt kynningu á nýrri þjónustu Flybus South var haldinn á Selfossi. Mjög góð þátttaka var á fundinum, rúmlega 20 voru skráðir en tæplega 60 mættu. Góðar undirtektir og mikil ánægja meðal fólks með þessa vinnu.

Framkvæmdastjóri kynnti MSS og markaðsgreininguna einnig sérstaklega fyrir nemendum í Ferðamálabró HFSU.

**Samstarfsyfirlýsing með Íslandsstofu** ásamt verkefnalista er í vinnslu. Regional Guide kominn út sem hluti af kynningarefni Íslandsstofu.

Vinna við **heimasíðu, fjölmiðlafyrirspurnir, samfélagsmiðla** og fleira sífellt í gangi.

**Aðkoma að ferðamálastefnu Árborgar og Flóahrepps** – framkvæmdastjóri fundaði með vinnuhóp og verður unnið að útboðsgerð í framhaldi.

## Verkefni framundan

**MAS samstarf** – stefnumótunarvinna heldur áfram og einnig vinna að sameiginlegum hagsmunum markaðsstofanna, s.s. heimasíðurnar, bæklingar, fjármögnun, Íslandsstofa/Ferðamálastofa/Stjórnstöð, DMP, innra samstarfið og fleira.

### Vefur og miðlar/fjölmíðlar

- Áframhaldandi vinna við heimasíðu, sveitarfélagasíður (Ölfus nánast tilbúin) og fleira.
- Markaðsáætlun 2017 er enn í vinnslu en hún miðar að enn frekari notkun á samfélagsmiðlum og áhrifavöldum í samræmi við niðurstöður markaðsgreiningar.
- Fjölmíðlafyrirspurnir og ferðir – mismargar í gangi hverju sinni, koma í bylgjum. Erum að skoða að kaupa aðgang að myndbandi merktu okkur. Kostnaður rúmlega 100 þúsund kr. sem er vel ásættanlegt frekar en að fara í sérframleiðslu á efni.

**Árshátíð MSS** verður með sama fyrirkomulagi og síðustu ár, málþing, örfærð og kvöldskemmtun. Dagurinn byrjar með aðalfundi þetta árið. Hún verður haldin 31. mars á Fosshótel Heklu og er undirbúningur í fullum gangi.

**Námskeið í framhaldi af markaðsgreiningu** verður haldið í vikunni 27. febrúar – 3. mars og er talsverður áhugi á námskeiðunum.

**Samstarfsverkefni SASS** halda áfram, s.s. úthlutun úr uppbyggingarsjóð, vinna í teyrum/hópum á ýmsum sviðum, áhersluverkefni ásamt annarri vinnu.

Verkefni vegna **DMP** vinnu með Stjórnstöð ferðamála og Ferðamálastofu halda áfram. Kynningafundur í Vestmannaeyjum verður vonandi haldinn sem fyrst þar sem hann féll niður í dag vegna veðurs. Fyrsti fundur svæðisráðs verður haldinn sem fyrst. Ráðning verkefnisstjóra DMP er framundan. Vinnustofur um DMP áætlanir um miðjan mars með Tom Buncle, framkvæmdastjóri og fulltrúar svæða verða þar.

Samstarfsyfirlýsing verður undirrituð við **Íslandsstofu** og viðræður framundan um aðkomu MAS að sýningum/vinnustofum.

Framkvæmdastjóri verður með **kynningu** á markaðsgreiningunni á vetrarfundi á Reykjanesi. Námskeiðið „Staðarleiðsögn á Suðurlandi“ fær kynningu á MSS og markaðsgreiningunni.

Nokkur **ný fyrirtæki** komu inn í tengslum við Mannamót. Áfram verður unnið í því að styrkja samstarf við aðildarfyrirtæki enn frekar ásamt aðlögun gjaldskrár út frá reynslu nýrrar gjaldskrár (fyrir innheimtu í sumar).

## Önnur mál

### Sýningar 2017

Tekið verður þátt í föstum sýningum, Mid-Atlantic og Vestnorden. Stefnan er að taka einnig þátt í vinnustofu á vegum Íslandsstofu í Kanada í apríl. Haustþátttaka verður að ákvarðast þegar nánari upplýsingar um fjármögnun ársins liggur endanlega fyrir.

### Stjórnarfundir

Vonandi næst að halda stjórnarfund í Vestmannaeyjum í vor.

### Verkefni og mannauður

Framkvæmdastjóri leggur til að ráðinn verði starfsmaður (skrifstofustarf) til að taka ákveðin verkefni af framkvæmdastjóra og verkefnastjórum til að hægt verði með góðu móti að ráða við aukin verkefni sem liggja fyrir. Um væri að ræða 75-100% starf.

Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri skoði þá möguleika sem eru í stöðunni út frá fjárhagsáætlun. Hluti stjórnar vekur máls á mikilvægi þess að starfsmenn verði staðsettir víðar um svæðið.

### Húsnæðismál MSS

Aðstaða í Fjölheimum líklega að skýrast og leysist vonandi fljótlega.

### Aðildarfyrirtæki

Nokkur ný fyrirtæki hafa bæst í hópinn undanfarið og vonandi gefst svigrúm til að hitta fleiri ný fyrirtæki á næstunni.

### Landshlutabæklingur

Niðurstöður könnunar um áherslur í starfseminni liggja ekki fyrir. Framkvæmdastjóri leggur til að prentað upplag bæklinga verði minnkað og aðrar lausnir verði eflaðar í staðinn (niðurhal á rafrænni útgáfu, kynning á upplýsingamiðstöðvum og önnur innri kynning). Spara mætti þannig bæði prentun og dreifingu.

### Heimasíða

Framkvæmdastjóri leggur til að á móti verði vefurinn south.is verði eflaður til muna og tíma og fjármunum verði varið í uppfærslur og endurbætur. Komnar eru fram tillögur að uppfærslum en mikilvægt er að halda vefnum vel við svo við drögumst ekki aftur úr í þessu umhverfi. Umræða varð um blogg færslur/fréttir af svæðinu á vefnum og benti stjórn á að hægt væri að óska eftir efni frá aðilunum úti á svæðunum. Sú tillaga verður tekin fyrir á næsta samstarfsfundi ferðamála á Suðurlandi.

### Kynning á DMP

Í lok fundar kynntu fulltrúar Stjórnstöðvar ferðamála og Ferðamálastofu DMP vinnu sem er framundan er fyrir stjórn MSS.